

SIÐAREGLUR fyrir starfsfólk Stjórnarráðs Íslands.

Inngangur.

Í því skyni að efla fagleg vinnubrögð og auka traust á stjórnsýslunni staðfestir forsætisráðherra siðareglur starfsfólks Stjórnarráðs Íslands sem hér fara á eftir, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands. Við undirbúning reglnanna var haft samráð við starfsfólk ráðuneytanna og Siðfræðistofnun Háskóla Íslands.

Siðareglurnar veita leiðsögn um það hvers konar framgangna hæfir því mikilvæga ábyrgðarhlutverki að starfa innan Stjórnarráðs Íslands. Jafnframt gefa þær almenningi færi á að bera starfshætti saman við skráðar og útgefnar reglur.

Hver starfsmaður gætir að því fyrir sitt leyti að farið sé eftir reglunum. Stjórnendur í ráðuneytum skulu enn fremur sjá til þess að starfsfólki sé kunnugt um reglurnar og að þær séu eðlilegur þáttur í starfi ráðuneytanna. Starfsfólk getur í vafatilfellum leitað ráðgjafar hjá forsætisráðuneytinu, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 115/2011.

Þeir sem telja starfsfólk hafa brotið gegn siðareglunum geta komið ábendingum um það á framfæri við umboðsmann Alþingis en hann gætir þess meðal annars að stjórnsýslan fari fram í samræmi við siðareglur sem settar eru á grundvelli laga um Stjórnarráð Íslands, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 85/1997 um umboðsmann Alþingis. Telji einhver að brot á siðareglum hafi jafnframt falið í sér að hann sjálfur hafi verið beittur rangsleitni er unnt að bera fram kvörtun við umboðsmann Alþingis, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 85/1997.

Siðareglur þessar verður að skoða í samhengi við almennar siðareglur starfsmanna ríkisins, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og aðrar siðareglur sem kunna að eiga við, sbr. heimild í 3. málsl. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 115/2011 til að útfæra siðareglur nánar í hverju ráðuneyti. Enn fremur eiga siðareglurnar að endurspeglar tiltekin grunngildi í opinberum störfum eins og fagmennsku, skilvirkni, heilindi og óhlutdrægni.

1. gr.

Frumskyldur.

- Starfsfólk veitir ráðherra faglega aðstoð og ráðgjöf og starfar að öllu leyti samkvæmt stjórnarskrá og lögum og í samræmi við grunngildi stjórnsýslunnar.
- Starfsfólk kemur fram af heiðarleika og vinnur saman af metnaði og ábyrgð með almannahagsmunum að leiðarljósi.
- Starfsfólk hefur í heiðri lýðræðisleg gildi, gætir fyllstu fagmennsku og auðsýnir pólitískt hlutleysi.

2. gr.

Hagsmunatengsl og hagsmunaárekstrar.

- Starfsfólk notfærir sér ekki stöðu sína eða upplýsingar fengnar í starfi í þágu eiginhagsmuna eða hagsmuna tengdra aðila.
- Starfsfólk fordast árekstra milli almannahagsmuna annars vegar og fjárhagslegra eða persónulegra hagsmuna sinna eða fjölskyldu sinnar hins vegar. Takist ekki að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra af þessu tagi skal upplýsa um þá.
- Starfsfólk upplýsir um fjárhagsleg hagsmunatengsl eða önnur tengsl sem valdið geta hagsmunaárekstrum.
- Starfsfólk sinnir ekki aukastörfum, trúnaðar- eða félagsstörfum sem ósamrýmanleg eru starfi þess í Stjórnarráðinu.
- Starfsfólk gætir hófs í viðtöku gjafa og þiggur ekki verðmætar gjafir persónulega vegna starfs síns.

3. gr.

Meðferð fjármuna.

- a. Starfsfólk sýnir ráðdeild við meðferð fjármuna ríkisins. Ekki er stofnað til útgjalda fyrir hönd ráðuneytisins nema tilefni þeirra samræmist starfsemi þess og hlutverki.
- b. Starfsfólk nýtir ekki opinbera fjármuni eða gæði starfsins í persónulegum tilgangi eða til þess að hygla öðrum.

4. gr.

Háttsemi og framganga.

- a. Starfsfólk dregur skýr fagleg mörk á milli starfs og einkalífs.
- b. Starfsfólk vandar samskipti og kemur fram af háttvísi og virðingu.
- c. Starfsfólk virðir trúnað gagnvart samstarfsfólki og vinnustað, svo sem við notkun samfélagsmiðla.
- d. Starfsfólk hefur trúverðugleika ráðuneytis síns að leiðarljósi í allri framgöngu og virðir mannréttindi og mannlega reisn í hvívetna.

5. gr.

Faglegir starfshættir.

- a. Fagmennska, samvinna og gagnkvæm virðing einkenna starfsumhverfi Stjórnarráðsins.
- b. Starfsfólk gætir að mörkum stjórn mála og stjórnsýslu.
- c. Starfsfólk vandar vinnubrögð og alla meðferð upplýsinga og gagna og gætir trúnaðar.
- d. Starfsfólk byggir ráðgjöf sína og ákvarðanir á bestu fánulegum upplýsingum. Faglegs mats sérfróðra aðila er aflað þegar við á.
- e. Starfsfólk viðurkennir mistök og leitast við að læra af þeim.
- f. Starfsfólk leggur sig fram um að viðhalda og bæta þekkingu á sínu starfssviði.

6. gr.

Gagnsæi og upplýsingamiðlun.

- a. Upplýsingar eru veittar greiðlega í samræmi við lög og almenn viðmið.
- b. Starfsfólk miðlar upplýsingum af nákvæmni, heilindum og með skýrum hætti.
- c. Mistök eða misskilningur, sem varðar ákvarðanir, meðferð mála, eða miðlun upplýsinga er leiðréttur eins fljótt og mögulegt er.
- d. Starfsfólk leitast við að eiga greið og opin samskipti við almenning og hagaðila og gætir þess að upplýsingar um markmið og framgang samráðs séu aðgengilegar.

7. gr.

Ábyrgð og eftirfylgni.

- a. Hver starfsmaður er, í samræmi við stöðu sína og hlutverk, ábyrgur fyrir athöfnum sínum og gjörðum.
- b. Yfirmenn kynna starfsfólki siðareglur þessar, bregðast við sé ekki eftir þeim farið og ganga á undan með góðu fordæmi.
- c. Verði starfsmaður áskynja um siðferðilega ámælisvert eða ólögðmætt athæfi á vinnustað skal hann koma ábendingum þar um til næsta yfirmanns, sem tengist ekki athæfinu, eða annarra viðeigandi aðila.
- d. Starfsfólk geldur ekki fyrir ábendingar um brot á siðareglum eða fyrir að leita réttar síns telji það á sér brotið.

Nr. 1080

28. september 2023

8. gr.
Gildistaka.

Siðareglur þessar öðlast þegar gildi. Við gildistöku reglna þessara falla úr gildi siðareglur fyrir starfsfólk Stjórnarráðs Íslands nr. 410/2012.

Forsætisráðuneytinu, 28. september 2023.

Katrín Jakobsdóttir.

Bryndís Hlöðversdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 13. október 2023